- VIÐVÖRUN: Heimilistækið og aðgengilegir hlutar þess hitna meðan á notkun stendur. Gæta ætti varúðar þegar hitunarelementin eru snert eða yfirborð holrýmis heimilistækisins.

- Notaðu alltaf hanska við að taka úr og setja í aukahluti eða eldföst matarílát.
- Notaðu aðeins þann matarmæli (kjöthitamæli) sem ráðlagður er fyrir þetta heimilistæki.
- Til þess að taka hillustuðninginn úr skal fyrst toga í framhluta hillustuðningsins og síðan afturhluta hans frá hliðarveggjunum. Komdu hilluberunum fyrir í öfugri röð.
- Notaðu ekki gufuhreinsibúnað til að hreinsa heimilistækið.
- Notaðu ekki sterk tærandi hreinsiefni eða beittar málmsköfur til að hreinsa glerhurðina þar sem slíkt getur rispað yfirborðið, sem getur aftur leitt til þess að glerið brotnar.
- Fyrir hitahreinsun skaltu fjarlægja alla aukahluti og allt sem er inni í rými heimilistækisins.

2. ÖRYGGISLEIÐBEININGAR

2.1 Upsetning

AÐVÖRUN!

Einungis til þess hæfur aðili má setja upp þetta heimilistæki.

- Fjarlægðu allar umbúðir.
- Ekki setja upp eða nota skemmt heimilistæki.
- Fylgdu uppsetningarleiðbeiningunum sem eru á vefsíðu okkar.
- Alltaf skal sýna aðgát þegar heimilistækið er fært vegna þess að það er þungt. Notaðu alltaf öryggishanska og lokaðan skóbúnað.
- Dragðu heimilistækið ekki á handfanginu.
- Settu heimilistækið upp á öruggum og hentugum stað sem uppfyllir uppsetningarkröfur.
- Haltu lágmarksfjarlægð frá öðrum heimilistækjum og einingum.
- Áður en þú setur upp ofninn skaltu athuga hvort hurðin opnast án heftingar.
- Heimilistækið er útbúið rafstýrðu kælikerfi. Það þarf rafstraum til að geta gengið.

2.2 Rafmagnstenging

AÐVÖRUN!

Hætta á eldi og raflosti.

- Allar rafmagnstengingar skulu framkvæmdar af viðurkenndum rafvirkja.
- Heimilistækið verður að vera jarðengt.
- Gakktu úr skugga um að færíbreyturnar á merkiplötunni séu samhæfar við rafmagnsflokkun aðalæðar afgangja.
- Notaðu alltaf rétt ísetta innstungu sem ekki veldur raflosti.
- Notaðu ekki fjöltengi eða framlengingarsnúrur.
- Gakktu úr skugga um að rafmagnsklóin og snúran verði ekki fyrir skemmdum. Ef skipta þarf um rafmagnssnúru verður viðurkennd þjónustumiðstöð okkar að sjá um það.
- Ekki láta rafmagnssnúrurnar snerta eða koma nálægt hurð heimilistækisins, eða skotið undir heimilistækinu, sérstaklega þegar það er í gangi eða hurðin er heit.
- Vörn lifandi og einangraðra hluta gegn raflosti verður að vera fest þannig að ekki sé hægt að fjarlægja hana án verkfæra.
- Aðeins skal tengja rafmagnsklóna við rafmagnsinnstunguna í lok

- uppsetningarinnar. Gakktu úr skugga um að rafmagnsklóin sé aðgengileg eftir uppsetningu.
- Ef rafmagnsinnstungan er laus, skal ekki tengja rafmagnsklóna.
 - Ekki toga í snúrana til að taka tækið úr sambandi. Taktu alltaf um klóna.
 - Notaðu aðeins réttan einangrunarbúnað: Línuvarnarstraumlóka, öryggi (öryggi með skrufgangi fjarlægð úr höldunni), lekaliða og spólurofa.
 - Rafmagnsuppsetningin verður að vera með einangrunarbúnað sem leyfir þér að aftengja tækið frá stofnæð á öllum pólum. Einangrunarbúnaðurinn verður að hafa að lágmarki 3 mm snertiopnunarviðd.
 - Lokaðu alveg hurð heimilistækisins áður en þú tengir rafmagnsklóna við innstunguna.
 - Þessu tæki fylgja rafmagnskló og -snúra.

Tegundir kapla sem hægt er að nota fyrir uppsetningu eða endurnýjun í Evrópu:

H07 RN-F, H05 RN-F, H05 RRF, H05 VV-F, H05 V2V2-F (T90), H05 BB-F

Fyrir þann hluta vírsins vísast til heildarorkunnar á upplýsingaspjaldinu. Þú getur einnig vísað til töflunnar:

Heildarafl (W)	Hluti vírsins (mm ²)
hámark 1380	3x0.75
hámark 2300	3x1
hámark 3680	3x1.5

Jarðtengingin (grænn / gulur vír) verður að vera 2 cm lengri en brúni fasavírin og blái hlutlausí vírin.

2.3 Notkun

⚠ AÐVÖRUN!

Hætta á meiðslum, bruna og raflosti eða sprengingu.

- Breytið ekki eiginleikum heimilistækisins.
- Gangið úr skugga um að loftræstiop séu ekki stífluð.
- Látið heimilistækið ekki vera án eftirlits á meðan það er í gangi.

- Slökkvið á heimilistækinu eftir hverja notkun.
- Farið varlega þegar hurð heimilistækisins er opnuð á meðan það er í gangi. Heitt loft getur losnað út.
- Notið ekki heimilistækið með blautar hendur eða þegar það er í snertingu við vatn.
- Beitið ekki þrýstingi á opna hurð.
- Notið ekki heimilistækið sem vinnusvæði eða geymslusvæði.
- Opnið hurð heimilistækisins varlega. Notkun efna sem innihalda áfengi getur valdið blöndu af áfengi og lofti.
- Láttu ekki neista eða opinn eld komast í snertingu við heimilistækið þegar þú opnar hurðina.
- Notaðu alltaf gler og krukkur sem eru með niðursuðusampykki.
- Setjið ekki eldfim efni eða hluti bleytta með eldfimum efnum í, nálægt, eða á heimilistækið.
- Deildu ekki Wi-Fi aðgangsorðinu þínu.

⚠ AÐVÖRUN!

Hætta á eldi og skemmdum á heimilistækinu.

- Til að koma í veg fyrir skemmdir eða aflitun á gljáhúðinni:
 - setjið ekki ofnáhöld eða aðra hluti beint á botn heimilistækisins.
 - setjið ekki álpappír beint á botn heimilistækisins.
 - setjið ekki vatn beint inn í heitt heimilistækið.
 - látið ekki raka rétti og rök matvæli vera inni í heimilistækinu eftir að matreiðslu er lokið.
 - farið varlega þegar aukahlutir eru fjarlægðir eða settir upp.
- Aflitun á glerungnum eða ryðfríu stáli hefur engin áhrif á getu eða frammistöðu heimilistækisins.
- Notið djúpa skúffu fyrir rakar kökur. Ávaxtasafi veldur blettum sem geta verið varanlegir.
- Alltaf skal elda með hurð heimilistækisins lokaða.
- Ef heimilistækið er uppsett bak við innréttingarplötu (t.d. hurð) þá þarf að ganga úr skugga um að hurðin sé aldrei lokuð þegar tækið er í notkun. Hiti og raki geta safnast upp bak við lokaða

innréttingarplötu og leitt til skemmda á tækinu, ytra byrði tækisins eða gólfi. Því skal ekki loka innréttingarplötunni fyrir en tækið hefur náð að kólna að fullu eftir notkun.

2.4 Umhirða og hreinsun

AÐVÖRUN!

Hætta á meiðslum, eldsvoða eða skemmdum á heimilistækinu.

- Áður en viðhald fer fram skal slökkva á heimilistækinu og aftengja rafmagnsklóna frá rafmagnsinnstungunni.
- Gakktu úr skugga um að heimilistækið sé kalt. Hætta er á því að glerplöturnar brotni.
- Skiptið umsvifalaust um glerplötur ef þær verða fyrir skemmdum. Hafðu samband við viðurkennda þjónustumiðstöð.
- Farðu varlega þegar þú tekur hurðina af heimilistækinu. Hurðin er þung!
- Hreinsaðu heimilistækið reglulega til að yfirborðsefnin á því endist betur.
- Hreinsaðu heimilistækið með mjúkum rökum klút. Notaðu aðeins hlutlaus þvottaefni. Notaðu ekki neinar vörur með svarfefnum, stálull, leysiefni eða málmhluti.
- Ef þú notar ofnasprey skaltu fara eftir öryggisleiðbeiningum á umbúðum þess.

2.5 Hreinsun með eldglæðingu

AÐVÖRUN!

Hætta á meiðslum / eldsvoða / uppgufun efna (gufaureykur) við eldglæðingarstillingu.

- Áður en hreinsun með eldglæðingu fer fram og forhitun fer í gang skaltu fjarlægja úr ofnrýminu:
 - Allar matarleifar, dreggjar, olíu eða feiti sem lekið hefur niður.
 - alla hluti sem hægt er að losa (þ.m.t. plötur, plötubera í hliðum o.s.frv. sem fylgja heimilistækinu), sérstaklega alla viðloðunarfría potta, pönnur, bakka, áhöld o.s.frv.
- Lestu leiðbeiningar fyrir eldglæðingu vandlega.
- Haldið börnum frá heimilistækinu þegar hreinsun með eldglæðingu stendur yfir.

Heimilistækið verður mjög heitt og berst heitt loft úr loftopum að framan.

- Hreinsun með eldglæðingu er aðgerð með háum hita sem getur losað gufur út frá leifum eftir eldun og byggingarefni og er því mælt með fyrir notendur að:
 - tryggja góða loftræstingu meðan á hreinsun með eldglæðingu stendur og eftir hana.
 - tryggja góða loftræstingu meðan á forhitun stendur og eftir hana.
- Skvettu ekki né heldur settu vatn á ofnhurðina á meðan hreinsun með eldglæðingu stendur eða eftir hana til að forðast skemmdir á glerplötunum.
- Gufur sem koma frá öllum ofnum með eldglæðingu / matarleifum samkvæmt lýsingu eru ekki skaðlegar fyrir manneskjur, þ.m.t. börn eða fólk með undirliggjandi sjúkdóma.
- Haldið gæludýrum frá heimilistækinu á meðan hreinsun með eldglæðingu og forhitun stendur yfir. Lítil gæludýr (sérstaklega fuglar og skriðdýr) geta verið mjög viðkvæm fyrir breytingum á hitastigi og uppgufun.
- Viðloðunarfrítt yfirborð á pottum, pönnum, bökkum, áhöldum o.s.frv. geta orðið fyrir skemmdum vegna mikils hita við eldglæðingu í öllum ofnum sem búnir eru eldglæðingu og geta líka gefið frá sér lítillaga skaðlegar gufur.

2.6 Eldað við gufu

AÐVÖRUN!

Hætta á bruna og skemmdum á heimilistækinu.

- Gufa sem sleppur út getur valdið brunasárum:
 - Ekki opna hurðina á heimilistækinu á meðan eldað er með gufu.
 - Opnaðu hurðina á tækinu varlega þegar eldað hefur verið með gufu.

2.7 Innri lýsing

AÐVÖRUN!

Hætta á raflosti.

- Varðandi ljósin inn í þessari vöru og ljós sem varahluti sem seld eru sérstaklega:

Þessi ljós eru ætluð að standast öfgakenndar aðstæður í heimilistækjum eins og hitastig, titring, raka eða til að senda upplýsingar um rekstrarstöðu tækisins. Þau eru ekki ætluð til að nota í öðrum tækjum og henta ekki sem lýsing í herbergjum heimila.

- Þessi vara inniheldur ljósgjafa í orkunýtniflokki G.
- Notaðu aðeins ljós með sömu tæknilýsingu.

2.8 Þjónusta

- Hafðu samband við viðurkennda þjónustumiðstöð til að gera við heimilistækið.

- Notaðu eingöngu upprunalega varahluti.

2.9 Förgun


⚠ AÐVÖRUN!

Hætta á meiðslum eða köfnun.

- Hafðu samband við staðbundin yfirvöld fyrir upplýsingar um hvernig skuli farga heimilistækinu.
- Aftengdu tækið frá rafmagni.
- Klipptu rafmagnssnúruna af upp við heimilistækið og fargaðu henni.

3. VÖRULÝSING

3.1 Almennt yfirlit



- 1 Stjórnborð
- 2 Skjár
- 3 Vatnsskúffa
- 4 Innstunga fyrir matvælaskynjara
- 5 Hitunareining
- 6 Ljós
- 7 Vifta
- 8 Hilluberarar, lausir
- 9 Afrennslisrör
- 10 Úttaksloki vatns
- 11 Hillustöður
- 12 Gufuúttak


- 8 Hilluberarar, lausir
- 9 Afrennslisrör
- 10 Úttaksloki vatns
- 11 Hillustöður
- 12 Gufuúttak

3.2 Aukabúnaður

- **Vírhillla**
Fyrir kökuform, eldföst ílát, steikta rétti, eldunarílát / diska.
- **Bökunarplata**
Fyrir rakar og mjúkar kökur, bakaðar vörur, brauð, stórar steikur, frosnar máltíðir og til að ná í vökva sem lekur, t.d. fitu þegar matur er steiktur á vírhillu.
- **Grill- / steikingarskúffa**
Til að baka og steikja eða sem ílát til að safna fitu.
- **Food Sensor (Matvælaskynjari)**
Til að stjórna eldun á grundvelli hitastigs inni í matvælunum.
- **Útdraganlegar rennur**
Til að setja inn og fjarlægja plötur og vírhillur með einfaldari hætti.

4. STJÓRNBORÐ


4.1 Yfirlit yfir stjórnborð



1	ON (KVEIKT) / OFF (SLÖKK T)	Ýttu á og haltu inni til að kveikja og slökkva á heimilistækinu.
2	Menu (Valmynd)	Sýnir lista yfir valkosti heimilis-tækisins og stillingaraðgerðir.
3	Favourites (Uppáhalds)	Sýnir lista yfir uppáhaldsstillingar.
4	Skjár	Sýnir núverandi stillingar heimilis-tækisins.
5	Ljósrofi	Til að kveikja og slökkva á ljósinu.
6	Fast Heat Up (Hröð upphitun)	Til að kveikja og slökkva á aðgerðinni: Fast Heat Up (Hröð upphitun).

4.2 Skjár

Skjár sem sýnir stillingar á lykilaðgerðum.



- A. Wi-Fi
- B. Time of Day (Tími dags)
- C. START (BYRJA) / STOP (STÖÐVA)
- D. Temperature (Hitastig)
- E. Upphitunaraðgerðir
- F. Timer (Tímastillir)
- G. Food Sensor (Matvælaskynjari) (aðeins valdar gerðir)

Skjávísar	
OK	Til að staðfesta valið / stillinguna.
<	Til að fara eitt stig til baka í valmyndinni.
↶	Til að afturkalla síðustu aðgerð.
⏻	Til að kveikja og slökkva á valkostunum.
🔔	Hljóðviðvörðunaraðgerðin er virkjuð.
🔔 STOP	Hljóðviðvörðunar- og stöðvun eldunar-aðgerðirnar er virkjaðar.
🔔	Sprettiskilaboð eingöngu eru virkjuð.
🕒	Delayed start (Seinkuð ræsing) aðgerðin er virkjuð.
✕	Til að afturkalla stillinguna.
📶	Kveikt er á Wi-Fi-tengingu.
📶	Kveikt er á Remote Operation (Fjarstýring).

5. FYRIR FYRSTU NOTKUN

ADVÖRUN!

Sjá kafla um Öryggismál.

5.1 Fyrsta tenging

Skjárinn sýnir móttökuskilaboð eftir fyrstu tengingu.

Þú verður að stilla: Language (Tungumál), Display Brightness (Skjábirta), Key Tones (Lykiltónar), Buzzer Volume (Hljóðstyrkur hljóðgjafa), Time of Day (Tími dags).

5.2 Þráðlaus tenging

Til að tengja heimilistækið þarftu:

- Þráðlaust netkerfi með nettengingu.
 - Fartæki sem er tengt við sama þráðlausa netkerfið.
1. Til að hlaða niður appinu skaltu skanna QR-kóðann sem finna má aftan á notandahandbókinni. Þú getur líka hlaðið niður appinu beint úr App store.
 2. Fylgdu leiðbeiningum um samræmingu í appinu.
 3. Kveiktu á heimilistækinu.
 4. Ýttu á . Veldu: Settings (Stillingar) / Connections (Tengingar).
 5.  - renndu eða ýttu á til að kveikja eða slökkva: Wi-Fi.

Þráðlaus netbúnaður heimilistækisins ræsist innan 90 sek.



Af öryggisástæðum slokknar sjálfkrafa á fjarstýringu eftir 24 klst. Endurtaktu innsetningarferlið ef þörf krefur.

Tíðni	2.4 GHz WLAN
	2400 - 2483.5 MHz
Samskiptareglur	IEEE 802.11b DSSS, 802.11g/n OFDM

Hámarkskraftur	EIRP < 20 dBm (100 örbylgja)
Þráðlaust net - eining	NIUS-50

5.3 Hugbúnaðarleyfi

Hugbúnaðurinn í þessari vöru inniheldur íhluti sem eru byggðir á frjálsum og opnum hugbúnaði. Electrolux viðurkennir það sem opinn hugbúnaður og samþykkt um vélmenni hafa lagt til þróunarverkefnisins.

Til að fá aðgang að frumkóða þessa ókeypis og opna hugbúnaðarhluta, þar sem leyfisveiting gerir birtingu að skilyrði, og til að fá aðgang að heildarupplýsingum um höfundarétt og viðeigandi leyfisskilyrði skaltu heimsækja: <http://electrolux.opensoftwarerepository.com> (mappa NIUS).

5.4 Forhitun og hreinsun

Forhitaðu heimilistækið tómt fyrir fyrstu notkun og fyrstu snertingu við matvæli. Heimilistækið kann að gefa frá sér vonda lykt og reyk. Lofta skal rýmið meðan á forhitun stendur.

1. Fjarlægðu allan aukabúnað og lausa hillubera úr heimilistækinu.
2. Stilltu  aðgerðina. Stilltu hámarkshitastigið. Láttu heimilistækið ganga í 1 klst.
3. Stilltu  aðgerðina. Stilltu hámarkshitastigið. Láttu heimilistækið ganga í 15 mín.
4. Slökktu á heimilistækinu og bíddu þar til það er kalt.
5. Hreinsaðu heimilistækið eingöngu með trefjaklút, volgu vatni og mildu hreinsiefni.
6. Settu fylgihlutina og fjarlægjanlegu hillustoðirnar aftur í sína upphaflegu stöðu.

6. DAGLEG NOTKUN

AÐVÖRUN!

Sjá kafla um Öryggismál.

6.1 Upphitunaraðgerðir

STANDARD (STAÐLAÐ)

	Grill Til að grilla þunnar sneiðar af mat og til að rista brauð.
	Turbo Grilling (Blástursgrillun) Til að steikja stór kjötstykki eða alifuglakjöt á beini á einni hillustöðu. Til að baka gratínrétti og til að brúna.
	True Fan Cooking (Eldun með hefðbundnum blæstri) Til að steikja kjöt og baka kökur. Stilltu á lægra hitastig en á yfir-undir hita þar sem viftan dreifir hitanum jafnt inni í ofninum.
	Frozen Foods (Frosin matvæli) Fullkomið fyrir tilbúnar máltíðir (t.d. fransk-ar kartöflur, króketur eða vorrúllur).
	Conventional Cooking (Hefðbundin matreiðsla) Til að baka og steikja í einni hillustöðu.
	Bottom Heat (Undirhiti) Veldu þessa aðgerð eftir eldun til að brúna matinn meira á botninum ef þörf er á. Notaðu lægstu hillustöðuna.
	Dough Proving (Hefun deigs) Til að hraða hefun gerdeigsins. Breiddu yfir deigið til að koma í veg fyrir að það þorni.



Ljosið kann að slökkva sjálfkrafa á sér við hitastig undir 80 °C við sumar hitunaraðgerðir.

SPECIALS (SÉRAÐGERÐIR)

	Preserving (Niðursuða) Til að sulta grænmeti og ávexti skaltu setja niðursuðukrúkkur í bókunarplötu fylltar með vatni, og nota hitaþolnar glerkrúkkur með smellujárni eða skrúflokki af sömu stærð. Notaðu neðstu hillustöðuna.
---	---



Dehydrating (burrkun)
Til að þurrka sneidda ávexti, grænmeti og sveppi. Mælt er með að opna ofnhurðina af og til meðan á þurrkunarferlinu stendur til að hleypa gufumettuðu lofti út og ávöxt-um að þorna betur.



Plate Warming (Upphitun disks)
Til að forhita diska áður en boríð er fram.



Defrost (Affrysta)
Til að þíða matvæli (grænmeti og ávexti). Tímalengd affrýstingar veltur á magni og stærð frosna matarins.



Au Gratin (Gratínera)
Fyrir rétti eins og lasagne eða kartöflugratín. Til að baka gratínrétti og til að brúna.



Slow Cooking (Hægeldun)
Eldunarferli með lágu hitastigi. Þetta er tilvalið til að elda viðkvæman mat (t.d. nau-takjöt, kálfbakjöt eða lambakjöt).



Keep Warm (Halda hita)
Til að halda mat heitum. Vinsamlegast athugaðu að sumir réttir halda áfram að eldast og þorna upp á meðan þeim er haldið heitum. Breiddu yfir réttinn ef þörf krefur.



Moist Fan Baking (Bökun með rökum blæstri)
Þessi aðgerð er hönnuð til að spara orku á meðan eldað er. Þegar þú notar þessa aðgerð kann hitastigið í rýminu að vera frábrugðið innstillta hitastiginu. Afgangshiti er notaður. Hitunarkraftur kann að vera minni. Fyrir frekari upplýsingar má sjá kaflann „Dagleg notkun“, ráð fyrir: Moist Fan Baking (Bökun með rökum blæstri).

STEAM (GUFA)



Steam Regenerating (Gufumyndandi)
Endurhitun matar með gufu kemur í veg fyrir að yfirborðið þorni. Hita er dreift á varfærinn og jafnan hátt, sem gerir kleift að endurheimta bragð og lykt matarins líkt og þegar hann var búinn til. Hægt er að nota þessa aðgerð til að endurhita mat beint á disk. Þú getur hitað upp fleiri en einn disk í einu með því að nota ólíkar hillustöður.



Bread Baking (Brauðbakstur)

Notaðu þessa aðgerð til að baka brauð og rúnnstykki með fagmannlegum hætti er varðar stökka skorpu, lit og gljáa á skorpuinni.



Humidity Low (Raki lítill)

Þessi aðgerð er hentug fyrir kjöt, alifuglakjöt, ofnrétti og pottrétti. Þökk sé samsetningu á gufu og hita verður kjötið safaríkt og meyrð ásamt því að vera stökkt að utan.



Pizza Function (Pítsuaðgerð)

Best til að baka písur og aðra rétti sem þurfa meiri hita neðan frá.

6.2 Athugasemdir varðandi: Moist Fan Baking (Bökun með rökum blæstri)

Þessi aðgerð var notuð til að uppfylla skilyrði flokkunar á orkunýtni og vishönnunar (í samræmi við EU 65/2014 og EU 66/2014). Prófanir í samræmi við: IEC/EN 60350-1.

Ofnhurðin ætti að vera lokuð meðan á matreiðslu stendur þannig að aðgerðin verði ekki fyrir truflun og til þess að ofninn virki með bestu mögulegu orkunýtni.

Þegar þú notar þessa aðgerð slokknar ljósið sjálfkrafa eftir 30 sek.

Kynntu þér kaflann „Ábendingar og ráð“ varðandi eldunarleiðbeiningar, Moist Fan Baking (Bökun með rökum blæstri). Kynntu þér kaflann „Orkunýtni“, orkusparnaður varðandi almennar ráðleggingar hvað orkusparnað varðar.

6.3 Stilling: Upphitunaraðgerðir

1. Kveiktu á heimilistækinu. Skjárinn sýnir sjálfgefna hitunaraðgerð og hitastigið.
 2. Ýttu á táknid fyrir hitaaðgerð  til að fara í undirvalmynd.
 3. Veltu hitunaraðgerðina og ýttu á OK.
 4. Stílltu hitastigið. Ýttu á OK.
 5. Ýttu á START.
- Food Sensor (Matvælaskynjari) - þú getur stungið skynjaranum í samband hvenær sem er fyrir eða meðan á eldun stendur. Sjá kaflann „Notkun fylgihluta, kjarnhitamælir“.
6. STOP - ýttu á til að slökva á hitaaðgerðinni.

7. Slökktu á heimilistækinu.

6.4 Stilling: Gufuhitunaraðgerðir

1. Kveiktu á heimilistækinu. Veldu táknid fyrir hitaaðgerð og ýttu á það til að fara í undirvalmynd.
2. Stílla gufuhitunaraðgerðina.
3. Ýttu á OK. Skjárinn sýnir hitastillingarnar.
4. Stílltu hitastigið.
5. Ýttu á OK.
6. Ýttu á hlífina á vatnsskúffunni til að opna hana.
7. Fylltu vatnsskúffuna með köldu vatni að hámarksstiginu (um 900 ml) þar til hljóðmerkið heyrir eða skjárinn sýnir skilaboðin. Ekki setja meira vatn í vatnsskúffuna en hámarkið. Það er hættu á vatnsleka, frárænsli og húsgögn geta skemmist.



ADVÖRUN!

Notið aðeins kalt kranavatn. Ekki nota síað (steinefnahreinsað) eða eimað vatn. Ekki nota aðra vökva. Ekki hella eldfimur eða áfengum vökva í vatnsskúffuna.

8. Ýttu vatnsskúffunni í upphaflega stöðu sína.
 9. Ýttu á START.
- Þegar heimilistækið nær innstilltu hitastigi heyrir hljóðmerkið.
10. Þegar vatnið í vantsskúffunni tæmist mun hljóðmerki heyrast. Fylltu vatnsskúffuna á ný.
 11. Slökktu á heimilistækinu.
- Tæmdu vatnsskúffuna þegar eldun er lokið.



ADVÖRUN!

Heimilistækið er heitt. Hætta er á bruna. Fara skal varlega þegar þú tæmir vatnsskúffuna.


Það vatn sem eftir verður getur safnast saman í holrýminu. Þegar eldun er lokið skal opna ofnhurðina varlega. Þegar heimilistækið hefur kólnað að fullu skal hreinsa rýmið með mjúkum klút. Bíddu í að lágmarki 60 mín eftir hverja notkun til að koma í veg fyrir að heitt vatn komi út um vatnsúttakslokuna.

6.5 Vatnstankurinn tæmdur

Vatnsgeymisvísir	
	Tankurinn er fullur.
	Tankurinn er hálffullur.
	Tankurinn er tómur. Fylltu á tankinn.

Ef þú setur of mikið vatn í tankinn mun öryggisventillinn flytja umframvatn í botninn á holrými ofnsins.

1. Slökktu á heimilistækinu. Hafðu ofnhurðina opna og bíddu þar til heimilistækið er orðið kalt.
2. Tengdu afrennslisrörið **C** við útfælðisventilinn **A** í gegnum tengilinn **B**.



3. Hafðu endann á rörinu fyrir neðan **A** og ýttu endurtekið á **B** til að safna saman því vatni sem eftir er.
4. Aftengdu **C** og **B** og þurrkaðu ofninn með mjúkum svampi.



Ekki nota frárennslisvatnið til að fylla tankinn aftur.

6.6 Menu (Valmynd)

Ýttu einu sinni á  til að fara í valmyndina.

Réttur á matseðli	Notkun
Assisted Cooking (Eldunar-aðstoð)	Dregur upp lista af sjálf-virkum kerfum.
Cleaning (Hreinsun)	Dregur upp lista af hreinsikerfum.

Réttur á matseðli		Notkun
Favourites (Uppáhalds)		Sýnir lista yfir uppáhaldsstillingar.
Options (Valkostir)		Til að stilla grunnstillingu heimilistækisins.
Settings (Stillingar)	Connections (Tengingar)	Til að stilla grunnstillingar netkerfisins.
	Setup (Uppsetning)	Til að stilla grunnstillingu heimilistækisins.
	Service (Þjónusta)	Sýnir útgáfu hugbúnaðarins og samskiptan.

Undirvalmynd fyrir: Cleaning (Hreinsun)

Undirval-mynd	Notkun
Pyrolytic cleaning, quick (Hreinsun með eldg-læðingu, hröð)	Tímalengd: 1 h.
Pyrolytic cleaning, normal (Hreinsun með eldg-læðingu, venjuleg)	Tímalengd: 1 h 30 min.
Pyrolytic cleaning, intense (Hreinsun með eldg-læðingu, áköf)	Tímalengd: 2 h 30 min.

Undirvalmynd fyrir: Options (Valkostir)

Undirval-mynd	Notkun
Light (Létt)	Kveikir og slekkur á ljósinu.
Child Lock (Barnalæsing)	Kemur í veg fyrir að kveikt sé á heimilistækinu fyrir slysi.

Undirval-mynd	Notkun
Fast Heat Up (Hröð upphitun)	Styttir upphitunartímann. Það er aðeins í boði fyrir sumar hitunaraðgerðir.
Cleaning Reminder (Áminning um hreinsun)	Kveikir og slekkur á áminningunni.
Digital Clock Style (Útlit stafrænnar klukku)	Breytir framsetningu á birtingu tímans.

Undirvalmynd fyrir: Connections (Tengingar)

Undirval-mynd	Lýsing
Wi-Fi	Til að virkja og afvirkja: Wi-Fi.
Remote Operation (Fjarstýring)	Til að virkja og afvirkja fjarstýringuna. Valkostur sem aðeins er sjáanlegur eftir að þú kveikir á: Wi-Fi.
Auto Remote Operation (Sjálfvirk fjarstýring)	Til að ræsa fjarstýringu sjálfkrafa eftir að hafa ýtt á START (BYRJA). Valkostur sem aðeins er sjáanlegur eftir að þú kveikir á: Wi-Fi.
Network (Netkerfi)	Til að athuga stöðu netkerfis og styrk merkisins frá: Wi-Fi.
Forget Network (Gleyma netkerfi)	Til að afvirkja núverandi netkerfi frá sjálfvirkri tengingu við heimilistækið.

Undirvalmynd fyrir: Setup (Uppsetning)

Undirval-mynd	Lýsing
Language (Tungumál)	Stillir tungumál heimilistækisins.
Display Brightness (Skjábirta)	Stillir birtustigið.
Key Tones (Lykiltónar)	Kveikir og slekkur á hljóði fyrir snertifleti. Ekki er mögulegt að slökkva á hljóði fyrir ①.

Undirval-mynd	Lýsing
Buzzer Volume (Hljóðstyrkur hljóðgjafa)	Stillir hljóðstyrk fyrir takka og merki.
Time of Day (Tími dags)	Stillir núverandi tíma og dagsetningu.

Undirvalmynd fyrir: Service (Þjónusta)

Undirval-mynd	Lýsing
Demo Mode (Kynningarhamur)	Virðjunar- / afvirkjunarkóði: 2468
Software Version (Útgáfa hugbúnaðar)	Upplýsingar um hugbúnaðarútgáfu.
Reset All Settings (Endurstetja allar stillingar)	Endurstillir verksmiðjustillingar.

6.7 Stilling: Assisted Cooking (Eldunaraðstoð)

Undirvalmynd fyrir Assisted Cooking (Eldunaraðstoð) samanstendur af nokkrum aðgerðum til viðbótar og forritum sem eru hönnuð fyrir sérstaka rétti. Sérhver réttur í þessari undirvalmynd er með viðeigandi stillingu. Þú getur einnig aðlagð tímann og hitastigið meðan á eldun stendur.

Þú getur einnig eldað suma rétti með Food Sensor (Matvælaskynjari). Það stig sem hver réttur er eldaður við:

- Rare (Lítið steikt)
- Medium (Miðlungssteikt)
- Well Done (Gegnsteikt)

1. Kveiktu á heimilistækinu.
2. Ýttu á .
3. Ýttu á . Settu inn Assisted Cooking (Eldunaraðstoð).
4. Veldu rétt eða matartegund.
5. Settu matvælin í heimilistækið og ýttu á START.

Þegar aðgerðinni lýkur skaltu kanna hvort maturinn sé tilbúinn. Framlengdu eldunartímann ef þörf er á.

7. VIÐBÓTARSTILLINGAR

7.1 Favourites (Uppáhalds) ☆

Þú getur vistað allt að 3 uppáhaldsstillingar, eins og hitunaraðgerð og eldunartíma.

1. Kveiktu á heimilistækinu.
2. Veldu þá stillingu sem þú vilt.
3. Ýttu á .
4. Veldu: Favourites (Uppáhalds) / Vista núverandi stillingar.
5. Ýttu á + til að bæta stillingunni við listann af: Favourites (Uppáhalds).
6. Þrýstu á OK.

 - ýttu á til að endurstilla stillinguna.

 - ýttu á til að hætta við stillinguna.

7.2 Aðgerðarlás

Þessi aðgerð kemur í veg fyrir að aðgerð heimilistækisins sé breytt fyrir slyzni.

1. Kveiktu á heimilistækinu.
2. Stilla upphitunaraðgerð.
3. ☆,  - ýttu á samtímis til að kveikja á aðgerðinni.

☆,  - ýttu á samtímis til að slökva á aðgerðinni.

7.3 Child Lock (Barnalæsing)

Kemur í veg fyrir að heimilistækið sé virkjað fyrir slyzni.

1. Kveiktu á heimilistækinu.
2. Ýttu á .
3. Veldu Options (Valkostir) / Child Lock (Barnalæsing).
4. Ýttu á stafina í kóðanum eftir stafrófsröð. Child Lock (Barnalæsing) er virkjuð.

Þegar þessi aðgerð er virkjuð, þá er aðgangur að: Timer (Tímastillir), Wi-Fi og ljós eru tiltæk.

Til að virkja notkun heimilistækisins skaltu ýta á stafina í kóðanum eftir stafrófsröð.

Hurðin er læst þegar þessi aðgerð er virkjuð og slökkt er á heimilistækinu.

7.4 Slökkt sjálfvirkt

Ef hitunaraðgerðin er virk og engum stillingum er breytt, slökkur heimilistækið af öryggisástæðum sjálfkrafa á sér eftir ákveðinn tíma.

 (°C)	 (klst)
30 - 115	12.5
120 - 195	8.5
200 - 245	5.5
250 - hámark	3

Ef þú átt til að hafa upphitunaraðgerð í gangi fram yfir sjálfvirka tímann þegar straumur er rofinn settu þá í gang eldunartíma. Sjá kaflann „Klukkaaðgerðir“.

Slökkt sjálfvirkt virkar ekki með aðgerðunum: Light (Létt), Food Sensor (Matvælaskynjari), Lokatími.

7.5 Viftukæling

Þegar heimilistækið gengur kviknar sjálfkrafa á kæliviftunni til að halda yfirborðsflötum heimilistækisins svölum. Ef þú slökkur á heimilistækinu gengur kælivíftan áfram þangað til heimilistækið kólnar.

8. TÍMASTILLINGAR

8.1 Lýsing á klukkuaðgerðum

Aðgerð	Lýsing
Timer (Tímastillir)	Til að stilla lengd eldunar. Hámarkið er 23 klst 59 mín. Þú getur stillt hvað gerist þegar tíminn er liðinn með því að stilla valið: End Action (Ljúka aðgerð).
End Action (Ljúka aðgerð)	Sound Alarm (Hljóðmerki) - þegar tíminn er liðinn heyrst hljóðmerki. Þú getur stillt á þessa aðgerð hvernær sem er, einnig þegar slökkt er á heimilistækinu. Sound Alarm and stop cooking (Hljóðmerki og eldun stöðvuð) - þegar tíminn er liðinn heyrst hljóðmerki og slökkt er á upphitunaraðgerðinni. Pop up message only (Eingöngu spretti-skilaboð) - þegar tíminn er liðinn birtast skilaboðin á skjánum. Þú getur stillt á þessa aðgerð hvernær sem er, einnig þegar slökkt er á heimilistækinu.
Delayed start (Seinkuð ræsing)	Til að fresta ræsinguna og / eða lokum eldunar.
Time Extension (Tímalenging)	Til að framlengja eldunartímann.
Uptimer (Upptalning)	Til að sýna hversu lengi heimilistækið starfar. Hámarkið er 23 klst 59 mín. Þú getur kveikt og slökkt á aðgerðinni. Þessi aðgerð hefur engin áhrif á notkun ofnsins.

8.2 Stilling: Time of Day (Tími dags)

1. Kveiktu á heimilistækinu.
2. Ýttu á: Time of Day (Tími dags).
3. Stilltu tímann.
4. Ýttu á OK.

8.3 Stilling: Timer (Tímastillir)

1. Veldu hitunaraðgerðina og stilltu hitastigið.

2. Ýttu á .

3. Stilltu tímann.

Þú getur valið Ljúka aðgerð með því að ýta á .

4. Ýttu á OK. Endurtaktu aðgerðina þangað til skjárinn sýnir aðalskjáinn.

Þegar 10% eru eftir að eldunartímanum og maturinn virðist ekki vera tilbúinn getur þú framlengt eldunartímann. Þú getur einnig breytt hitunaraðgerðunum. Ýttu á **+1min** til að framlengja eldunartímann.

8.4 Stilling: Delayed start (Seinkuð ræsing)

1. Stilltu hitunaraðgerðina og hitastigið.

2. Ýttu á .

3. Stilltu eldunartímann.

4. Ýttu á .

5. Ýttu á: Delayed start (Seinkuð ræsing).

6. Veldu byrjunartímann sem þú vilt.

7. Ýttu á OK. Endurtaktu aðgerðina þangað til skjárinn sýnir aðalskjáinn.

8.5 Stilling: Uptimer (Upptalning)

1. Ýttu á .

2. Ýttu á .

3. Ýttu á: Uptimer (Upptalning).

4. Renndu eða ýttu á  til að sýna gangtímann á aðalskjánum.

5. Ýttu á OK. Endurtaktu aðgerðina þangað til skjárinn sýnir aðalskjáinn.

8.6 Tímastilli breytt

Þú getur breytt innstilltum tíma hvenær sem er meðan á eldun stendur.

1. Ýttu á .

2. Stilltu tímagildið.

3. Ýttu á OK.

9. AUKABÚNAÐURINN NOTAÐUR


⚠ AÐVÖRUN!

Sjá kafla um Öryggismál.

9.1 Aukabúnaður settur í


Lítill skörð efst auka öryggi og veita vörn þegar þær halla. Skörðin eru einnig búnaður sem kemur í veg fyrir að hlutir renni af. Brúnin umhverfis hilluna kemur í veg fyrir að eldunaráhöld renni niður af hillunni.

Vírhilla



Ýttu hillunni milli stýristanganna á hilluberanum og gakktu úr skugga um að fóturinn snúi niður. Gakktu úr skugga um að hillan snerti bakhlíð ofnrýmisins.

Bökunarplata / Djúp ofnskúffa



Ýttu á bökunarplötunni á milli rásanna á hilluberanum. Settu bökunarplötuna með halla að bakhlíð ofnrýmisins.

9.2 Food Sensor (Matvælaskynjari)

Það mælir hitastigið inni í matnum. Þú getur notað það með öllum hitunaraðgerðum.

Hægt er að stilla á tvö hitastig:

- °C - hitastigið inni í heimilistækinu. Það ætti að vera að minnsta kosti 25 °C hærra en kjarnahiti matarins.

- 🔍 - kjarnahitastig matarins.

Til að fá sem besta eldunarútkomu:

- Hráefnin ættu að vera við stofuhita.
- Ekki nota það fyrir rétti sem eru vökvi.
- Á meðan eldun stendur verður nál kjarnhitamælisins að vera stungið alla leið inn í réttinn.


Heimilistækið reiknar út áætlaðan lokatíma eldunar. Lokatíminn fer eftir magni matarins, hitunaraðgerð og hitastigi.

Eldað með: Food Sensor (Matvælaskynjari)

⚠ AÐVÖRUN!

Hætta er á að brenna sig þar sem kjarnhitamælirinn og hilluberarnir verða heitir. Ekki snerta handfang kjarnhitamælisins með berum höndum. Notaðu ávallt ofnhanska.


1. Kveiktu á heimilistækinu.
2. Stilltu hitunaraðgerð og ef nauðsyn krefur, hitastig ofnsins.
3. Settu kjarnhitamælinn inn í réttinn:
Kjöt, alifuglar og fiskur
Settu alla nálina á kjarnhitamælinum inn í kjötið eða fiskinn þar sem þykktin er mest.



Pottréttur

Stingdu oddi kjarnhitamælisins nákvæmlega inn í miðju pottréttisins.

Kjarnhitamælirinn ætti að vera stöðugur á einum stað meðan á eldun stendur. Notaðu gegnheilt hráefni til að ná því. Notaðu brún eldfasta mótisins til að styðja við silíkonhandfangið á kjarnhitamælinum. Oddurinn á kjarnhitamælinum ætti ekki að snerta botn eldfasta mótisins.



4. Stingdu kjarnhitamælinum í innstunguna sem staðsett er inni í heimilistækinu. Sjá kaflann „Lýsing vöru“.

Skjárinn sýnir núverandi hitastig í kjarnhitamælinum.

5.  - ýttu á til að stilla kjarnahitastigið fyrir mælinn.
6. ● ● ● - ýttu til að stilla ætlaðan valkost:
 - Sound Alarm (Hljóðmerki) - þegar matur nær innstilltu hitastigi heyrir hljóðmerkið.
 - Sound Alarm and stop cooking (Hljóðmerki og eldun stöðvuð) - þegar matur nær innstilltu hitastigi heyrir hljóðmerkið og eldun stöðvast.
7. Veldu valkostinn og ýttu ítrekað á OK til að fara á aðalvalmyndina.
8. Ýttu á START .
9. Þegar matvælin ná innstilltu hitastigi heyrir hljóðmerkið. Athugaðu hvort maturinn sé tilbúinn. Framlengdu eldunartímann ef þörf er á.
10. Fjarlægðu kló kjarnhitamælisins úr innstungunni og taktu réttinn út úr heimilistækinu.


9.3 Gufupottur fyrir gufueldun



Gufupotturinn fylgir ekki með heimilistækinu. Til að fá frekari upplýsingar skaltu hafa samband við söluaðila á staðnum.

Gufupottur samanstendur af:

- A. Innsprautunarslanga - fyrir gufueldun,
- B. Lok,
- C. Stálgrill,
- D. Glerskál.



Ekki:

- settu heitan gufupottinn á kalt / blautt yfirborð.
- helltu köldum vökva í eldfasta fatið þegar það er heitt.
- notaðu gufupottinn á heitu eldunaryfirborði.
- hreinsaðu gufupottinn með svarfefnum, ræstiefnum og -dufti.

9.4 Gufueldun í gufupottinum

1. Settu matinn á stálgrillið í gufupottinum og settu lokið á.
2. Settu innsprautunarslönguna í gatið á lokinu.
3. Settu gufupottinn í aðra hillustöðu neðan frá.
4. Tengdu innsprautunarslönguna við gufuinntakið. Sjá kaflann „Lýsing vöru“.
5. Stilltu heimilistækið á gufueldunaraðgerðina.

10. ÁBENDINGAR OG RÁÐ

10.1 Ráðleggingar um eldun

Hitastig og eldunartími á töflunum er aðeins til viðmiðunar. Það fer eftir uppskriftunum, gæðum og magni hráefnisins sem notað er.

Heimilistæki þitt kann að baka eða steikja á annan hátt en það heimilistæki sem þú áttir áður. Ábendingarnar hér að neðan mæla með stillingum á hita, eldunartíma og hillustöðu fyrir tiltekna matartegundir.

Teldu hillustöðurnar að neðan frá botni ofnsins.

Ef þú finnur ekki stillingarnar fyrir ákveðna uppskrift skaltu leita að svipaðri uppskrift.

Fyrir almenn ráð um orkusparnað vísast til kaflans „Orkunýtni“.

Táknin á töflunni:

	Tegund matvæla
	Upphitunaraðgerð
	Hitastig
	Aukahlutur



Hillustaða



Eldunartími (mín)

10.2 Moist Fan Baking (Bökun með rökum blæstri) - ráðlagðir fylgihlutir

Notaðu dökk form og ílát sem endurkasta ekki ljósi. Þau gleypa betur hita en ljósir litir og diskar sem endurkasta ljósi.

- **Pitsubakki** - dökkur, endurkastar ekki ljósi, ummál 28cm
- **Bökunarfát** - dökkt, endurkastar ekki ljósi, ummál 26cm
- **Ramekin-skálar** - keramik, ummál 8cm, hæð 5 cm
- **Bakki fyrir bökubotn** - dökkur, endurkastar ekki ljósi, ummál 28cm

10.3 Moist Fan Baking (Bökun með rökum blæstri)

Til að fá sem bestan árangur skaltu fylgja uppástungunum sem taldar eru upp í töflunni hér að neðan.

		°C		
Snúðar, 16 stykki	bökunarplata eða lekabakki	180	2	20 - 30
Rúllutertur, 9 stykki	bökunarplata eða lekabakki	180	2	30 - 40
Frosin pítsa, 0.35 kg	vírhilla	220	2	10 - 15
Rúlluterta	bökunarplata eða lekabakki	170	2	25 - 35
Brúnkaka	bökunarplata eða lekabakki	175	3	25 - 30
Frauðréttur, 6 stykki	ramekin-skálar úr keramik á vírhillu	200	3	25 - 30
Svampbökubotnar	bakki fyrir bökubotn á vírhillu	180	2	15 - 25
Viktoríu-samloka	bökunardiskur á vírhillu	170	2	40 - 50
Fiskur soðinn við vægan hita, 0.3 kg	bökunarplata eða lekabakki	180	3	20 - 25
Heill fiskur, 0.2 kg	bökunarplata eða lekabakki	180	3	25 - 35
Fiskflök, 0.3 kg	pítsufat á vírhillu	180	3	25 - 30

		°C		
Kjöt soðið við vægan hita, 0.25 kg	bökunarplata eða lekabakki	200	3	35 - 45
Shashlik, 0.5 kg	bökunarplata eða lekabakki	200	3	25 - 30
Smákökkur, 16 stykki	bökunarplata eða lekabakki	180	2	20 - 30
Makkarónur, 24 stykki	bökunarplata eða lekabakki	180	2	25 - 35
Formkökur, 12 stykki	bökunarplata eða lekabakki	170	2	30 - 40
Bragðmikið sætabrauð, 20 stykki	bökunarplata eða lekabakki	180	2	25 - 30
Smákökur úr bökudeigi, 20 stykki	bökunarplata eða lekabakki	150	2	25 - 35
Tartalettur, 8 stykki	bökunarplata eða lekabakki	170	2	20 - 30
Grænmeti soðið við vægan hita, 0.4 kg	bökunarplata eða lekabakki	180	3	35 - 45
Eggjakaka grænmetisættunnar	pítsufat á vírhilla	200	3	25 - 30
Grænmeti frá Miðjarðarhafinu, 0,7 kg	bökunarplata eða lekabakki	180	4	25 - 30

10.4 Upplýsingar fyrir prófunarstofnanir

Prófanir í samræmi við IEC 60350-1.

				°C	
Litlar kökur, 20 á plötu	Conventional Cooking (Hefðbundin matreiðsla)	Bökunarplata	3	170	20 - 35
Litlar kökur, 20 á plötu	True Fan Cooking (Eldun með hefðbundnum blæstri)	Bökunarplata	3	150 - 160	20 - 35
Litlar kökur, 20 á plötu	True Fan Cooking (Eldun með hefðbundnum blæstri)	Bökunarplata	2 og 4	150 - 160	20 - 35
Eplabaka, 2 dósir Ø20 cm	Conventional Cooking (Hefðbundin matreiðsla)	Vírhilla	2	180	70 - 90
Eplabaka, 2 dósir Ø20 cm	True Fan Cooking (Eldun með hefðbundnum blæstri)	Vírhilla	2	160	70 - 90
Fitlaus svampterta, kökuform Ø 26 cm ¹⁾	Conventional Cooking (Hefðbundin matreiðsla)	Vírhilla	2	170	40 - 50
Fitlaus svampterta, kökuform Ø 26 cm ¹⁾	True Fan Cooking (Eldun með hefðbundnum blæstri)	Vírhilla	2	160	40 - 50

					
Fitulaus svampterta, köku-form Ø 26 cm ¹⁾	True Fan Cooking (Eldun með hefðbundnum blæstri)	Vírhilla	2 og 4	160	40 - 60
Smjörbrauð	True Fan Cooking (Eldun með hefðbundnum blæstri)	Bökunarplata	3	140 - 150	20 - 40
Smjörbrauð	True Fan Cooking (Eldun með hefðbundnum blæstri)	Bökunarplata	2 og 4	140 - 150	25 - 45
Smjörbrauð	Conventional Cooking (Hefðbundin matreiðsla)	Bökunarplata	3	140 - 150	25 - 45
Bauðrist ¹⁾	Grill	Vírhilla	4	hám.	1 - 5

¹⁾ Forhitaðu ofninn í 10 mínútur.

11. UMHIRÐA OG HREINSUN

ÆDVÖRUN!

Sjá kafla um Öryggismál.

11.1 Athugasemdir varðandi þrif

Hreinsiefni

- Hreinsaðu heimilistækið að framan eingöngu með trefjahlút með volgu vatni og mildu hreinsiefni.
- Notaðu þrifalaun til að þrifa málmfleti.
- Þrífðu bletti með mildu hreinsiefni.

Dagleg notkun

- Hreinsaðu heimilistækið að innan eftir hverja notkun. Fituupsöfnun eða aðrar leifar geta valdið eldsvoða.
- Raki getur þétt í heimilistækinu eða á glerplötum hurðarinnar. Til að minnka þéttingu skaltu láta heimilistækið vera í gangi í 10 mínútur áður en þú byrjar að elda í því. Ekki geyma mat í heimilistækinu lengur en í 20 mínútur. Þurrkaðu heimilistækið að innan eingöngu með örtrefjahlút eftir hverja notkun.

Aukabúnaður


- Þrífðu alla aukahluti eftir hverja notkun og leyfðu þeim að þorna. Notið eingöngu trefjahlút með heitu vatni og mildu hreinsiefni. Ekki skal hreinsa aukahlutina í uppþvottavél.

- Ekki þrifa viðloðunarfríu aukahlutina með slípandi hreinsiefni eða hlutum með beittum brúnum.

11.2 Fjarlægðu hilluberana

Til að hreinsa heimilistækið skaltu fjarlægja hilluberana.

1. Slökktu á heimilistækinu og bíddu þar til það er kalt.
2. Togaðu framhluta hilluberans frá hliðarveggnum.
3. Togaðu afturenda hilluberans frá hliðarveggnum og fjarlægðu hann.



4. Komdu hilluberanum fyrir í öfugri röð. Festipinnarnir á útdraganlegu rennurnar verða að snúa fram.

11.3 Pyrolytic Cleaning (Hreinsun með eldglæðingu)

Notaðu það til að þrifa heimilistækið og brenna leifarnar af.

**ADVÖRUN!**

Hætta er á bruna.

**VARÚÐ!**

Ef önnur heimilistæki eru uppsett í sama skáp skal ekki nota þau á meðan þessi aðgerð er framkvæmd. Það getur valdið skemmdum á ofninum.

Ekki ræsa aðgerðina ef þú lokaðir ekki ofnhurðinni að fullu.

- 1. Gakktu úr skugga um að heimilistækið sé kalt.
- 2. Fjarlægðu alla aukahluti.
- 3. Hreinsaðu ofnbotninn og innra hurðarglerið með mjúkum klút bleyttum í volgu vatni og mildu þvottaefni.
- 4. Kveiktu á heimilistækinu.
- 5. Ýttu á  / Cleaning (Hreinsun).
- 6. Veldu hreinsunarstillinguna.

Valkostur	Tímalengd
Pyrolytic cleaning, quick (Hreinsun með eldglæðingu, hröð)	1 h
Pyrolytic cleaning, normal (Hreinsun með eldglæðingu, venjuleg)	1 h 30 min
Pyrolytic cleaning, intense (Hreinsun með eldglæðingu, áköf)	2 h 30 min

Þegar hreinsun hefst læsist hurðin á ofninum og ljósið er slökkt. Kæliviftan virkar á meiri hraða.

STOP - ýttu á til að stöðva hreinsun áður en henni er lokið.

Notaðu ekki heimilistækið fyrr en tákníð fyrir hurðarlæsinguna hverfur af skjánum.

- 7. Slökktu á heimilistækinu og bíddu þar til það hefur kólnað alveg áður en þú hreinsar það.
- 8. Hreinsaðu ofninn að innan með mjúkum klút. Fjarlægðu leifar úr ofnbotninum.

11.4 Vatnstankurinn hreinsaður

- 1. Slökktu á heimilistækinu.
 - 2. Settu djúpa ofnskúffu undir gufuinntakið.
 - 3. Helltu vatni í vatnsskúffuna: 850 ml. Bættu við sitrónusýru: 5 teskeiðar. Bíddu í 60 mín.
 - 4. Kveiktu á heimilistækinu og stilltu aðgerðina: Raki lítill. Stilltu hitastigið á 230 °C.
 - 5. Slökktu á heimilistækinu eftir 25 mín og bíddu þar til það er kalt.
 - 6. Kveiktu á heimilistækinu og stilltu aðgerðina: Raki lítill. Stilltu hitastigið á milli 130 og 230 °C.
 - 7. Slökktu á heimilistækinu eftir 10 mín og bíddu þar til það hefur kólnað alveg.
 - 8. Tæmdu vatnsgeyminn. Skoðaðu kaflann Dagleg notkun, „Vatnsgeymirinn tæmdur“.
 - 9. Skolaðu vatnsgeyminn og hreinsaðu eftirstandandi kalksteinsleifar með mjúkum klút.
 - 10. Hreinsaðu afrennslisrörið með volgu vatni og mildu hreinsiefni.
- Hafðu samband við vatnsveituna þína til að kanna hörkustig vatnsins.

Vatnsflokkun:	Hreinsaðu vatnsgeyminn hverja:
mjúkt	75 lotur - 2,5 mánuðir
meðallagi hart	50 lotur - 2 mánuðir
hart	40 lotur - 1,5 mánuðir
mjög hart	30 lotur - 1 mánuður

11.5 Cleaning Reminder (Áminning um hreinsun)

Þegar áminningin birtist er mælt með hreinsun.

Notaðu aðgerðina: Hreinsun með eldglæðingu.

11.6 Skipt um ljósið

**ADVÖRUN!**

Hætta á raflosti.
Ljósið getur verið heitt.

- 1. Slökktu á heimilistækinu og bíddu þar til það er kalt.
- 2. Aftengdu tækið frá aðalæðinni.

3. Settu klútinn á botninn í ofninum.

**VARÚÐ!**

Ávallt skal halda á halogen-ljósaperu með klút til að hindra að fituleifar brenni á ljósaperunni.

Bakljós

1. Snúðu glerhlífinni til að fjarlægja hana.

2. Hreinsaðu glerhlífina.

3. Skiptu um peru með viðeigandi 300 °C hitapolinni ljósaperu.

4. Komdu glerhlífinni fyrir.

12. BILANALEIT

**ÆDVÖRUN!**

Sjá kafla um Öryggismál.

12.1 Hvað skal gera ef...

Lýsing á vandamáli	Orsök og úrræði
Ekki er hægt að ræsa eða nota heimilistækioð.	Heimilistækioð er ekki tengt við rafmagn eða það ekki rétt tengt.
Heimilistækioð hitnar ekki.	Klukkan er ekki stillt. Til að stilla tímann, sjá kaflann „Klukkuaðgerðir“. Hurðin er ekki nægilega vel lokuð. Rafmagnsörygginu hefur slegið út. Gakktu úr skugga um að rafmagnsöryggið sé rót vandans. Ef vandamálið kemur upp aftur skal hafa samband við rafvirkja. Child Lock (Barnalæsing) er virkjað.
Slökkt er á ljósinu.	Ljósaperan er ónýt. Skiptu um ljósið. Fyrir frekari upplýsingar, sjá kaflann „Umhirða og hreinsun“.
Það er vatn í rými heimilistækisins.	Vatnsgeymirinn var fylltur með of miklu vatni.
Gufueldun virkar ekki.	Það eru kalksteinsleifar í opi gufuinntaksins. Það er ekkert vatn í vatnsgeyminum.
Það tekur meira en 3 mín að tæma vatnsgeyminn eða ef vatnið lekur út um gufuinntaksopið.	Það eru kalksteinsleifar í opi gufuinntaksins. Hreinsaðu vatnstankinn.
 Rafstraumsrof stöðvar alltaf hreinsun. Endurtaktu hreinsun ef rafstraumsrof truflaði hana.	
Vandamál með merki frá þráðlausu netkerfi.	Athugaðu hvort fartækioð þitt sé tengt við þráðlausa netkerfið. Athugaðu þráðlausa netkerfið og beininn. Endurræstu beininn.
Nýr beinir uppsettur eða samskipan beinis breytt.	Til að samstillja heimilistækioð og fartækioð aftur skaltu skoða kaflann „Fyrir fyrstu notkun“, Þráðlaus tenging.

Lýsing á vandamáli	Orsök og úrræði
Merkið frá þráðlausu netkerfinu er veikt.	Færðu beininn eins nálægt heimilistækinu og mögulegt er.
Þráðlausu tengingarboðin verða fyrir truflun frá annarri örbylgju sem er staðsett nálægt heimilistækinu.	Slökktu á örbylgjuofninum. Forðastu að nota örbylgjuofn og fjarstýringu heimilistækisins samtímis. Örbylgjur trufla Wi-Fi-tengingarboðin.

12.2 Villukóðar

Þegar hugbúnaðarvillur koma upp sýnir skjárin villuskilaboð. Þú finnur lista yfir vandamál í töflunni hér að neðan.

Kóði og lýsing	Úrræði
C2 - Food Sensor (Matvælaskynjari) er í rými heimilistækisins meðan á Hreinsun með eldglæðingu stendur.	Taktu Food Sensor (Matvælaskynjari) út.
C3 - hurðin er ekki nógu vel lokað meðan á Hreinsun með eldglæðingu stendur.	Lokaðu hurðinni.
F111 - Food Sensor (Matvælaskynjari) hefur ekki verið komið rétt fyrir í innstungunni.	Stingdu inn Food Sensor (Matvælaskynjari) að fullu inn í innstunguna.
F240, F439 - snertifletirnir á skjánum virka ekki með réttum hætti.	Hreinsaðu yfirborðið á skjánum. Gakktu úr skugga um að engin óhreinindi séu á snertiflötunum.
F601 - eitthvað er að Wi-Fi-tengiboðunum.	Athugaðu nettenginguna þína. Sjá kaflann „Fyrir fyrstu notkun“, þráðlaus nettenging.
F604 - fyrsta tengingin við Wi-Fi mistókst.	Slökktu á heimilistækinu og kveiktu á því aftur og reyndu á ný. Sjá kaflann „Fyrir fyrstu notkun“, þráðlaus nettenging.
F908 - kerfi heimilistækisins nær ekki tengingu við stjórnbörðið.	Til að kveikja og slökkva á heimilistækinu.
F602, F603 - Wi-Fi er ekki í boði. ¹⁾	Til að kveikja og slökkva á heimilistækinu.

¹⁾ Þegar einhver þessara villuskilaboða halda áfram að birtast á skjánum, þýðir það að bilað undirkerfi kann að hafa verið aftengt. Í slíku tilfelli skaltu hafa samband við söluaðilann þinn eða viðurkennda þjónustumiðstöð. Ef einhverjar af þessum villum koma upp, halda aðrar aðgerðir heimilistækisins áfram að virka eins og áður.

12.3 Þjónustugögn

Ef þú getur ekki sjálf(ur) fundið lausn á vandamálinu skaltu hafa samband við söluaðila eða viðurkennda þjónustumiðstöð.

Þær nauðsynlegu upplýsingar sem þjónustumiðstöðin þarf á að halda eru á merkiplötunni. Merkiplatan er staðsett á fremri rammanum á heimilistækinu. Hún er sýnileg þegar þú opnar ofninn. Fjarlægðu ekki merkiplötuna af heimilistækinu.

Við mælum með því að þú skrifir upplýsingarnar hér:

Módel (MOD.):
Vörunúmer (PNC):
Raðnúmer (S.N.):

13. ORKUNÝTNI

13.1 Vöruupplýsingar og vöruupplýsingaskjal í samræmi við reglugerðir ESB um vishönnun og merkingar fyrir orkuupplýsingar

Heiti birgja	Electrolux
Auðkenni tegundar	EOK9P4B0 949494875
Orkunýtnistuðull	81.2
Orkunýtniflokkur	A+
Orkunotkun með staðlaðri hleðslu, hefðbundinn hamur	0.93 kWh/lotu
Orkunotkun með staðlaðri hleðslu, viftudrifinn hamur	0.69 kWh/lotu
Fjöldi holrýma	1
Hitagjafi	Rafmagn
Hljóðstyrkur	72 l
Tegund ofns	Innbyggður ofn
Massi	34.0 kg

IEC/EN 60350-1 - Rafmagnseldunartæki til heimilisnota - 1. hluti: Svið, ofnar, gufuofnar og grill - Tegundir afkastamælinga.

13.2 Vöruupplýsingar fyrir orkunotkun og hámarkstíma til að ná viðeigandi lágorku-ham

Rafmagnsnotkun í biðham	0.8 W
Rafmagnsnotkun í biðstöðu netkerfis	2.0 W
Hámarkstími sem þarf til að búnaðurinn nái sjálfkrafa viðeigandi lágorku-ham	20 mín

Til að fá leiðbeiningar um hvernig eigi að kveikja og slökkva á þráðlausu nettengingunni, sjá kaflann „Fyrir fyrstu notkun“.

13.3 Ráð um orkusparnað

Eftirfarandi ráð hér að neðan munu hjálpa þér að við orkusparnað þegar þú notar heimilistækið þitt.

Gættu þess að hurðin á heimilistækinu sé almennilega lokað þegar tækið er í gangi. Ekki opna hurðina á heimilistækinu of oft á meðan eldað er. Haltu kanti hurðarinnar hreinum og gættu þess að hann sé vel festur á sínum stað.

Notaðu eldhúsáhöld úr málmí og dökk, mött ílát til að bæta orkusparnað.

Forhitaðu ekki heimilistækið fyrir eldun nema mælt sé sérstaklega með því.

Hafðu eins stutt hlé í bakstrinum og mögulegt er þegar þú undirbýrð nokkra rétti í einu.

Eldun með viftu

Þegar mögulegt er skaltu nota eldunaraðgerðir með viftu til að spara orku.

Hitaeftirstöðvar

Þegar eldun tekur lengri tíma en 30 mínútur skaltu lækka hita heimilistækisins eins mikið og hægt er 3 - 10 mínútum áður en eldun er lokið. Afgangshiti inn í heimilistækinu mun halda áfram að elda matinn.

Notaðu afgangshitann til að halda matnum heitum eða til að hita upp aðra rétti.

Þegar þú slekkur á heimilistækinu sýnir skjárin afgangshitann.

Ef kerfi með Tímalengd er virkjað og eldunartíminn er lengri en 30 mínútur, þá slökkva hitunarelementin sjálfvirk á sér fyrir í sumum aðgerðum heimilistækisins.

Halda mat heitum

Veldu lægstu mögulegu hitastillinguna til að nota afgangshita og halda matnum heitum. Vísirinn fyrir afgangshita eða hitastig birtist á skjánum.

Eldun með ljósið slökkt

Slökktu á ljósinu meðan á eldun stendur. Kveiktu aðeins á því þegar þú þarft þess.

Moist Fan Baking (Bökun með rökum blæstri)

Aðgerð hönnuð til að spara orku á meðan eldað er.

Þegar þú notar þessa aðgerð slokknar ljósið sjálfkrafa eftir 30 sekúndur. Þú getur kveikt aftur á ljósinu en sú aðgerð minnkar væntanlegan orkusparnað.

Biðstöðustilling

Eftir 2 mínútur fer skjárin á biðstöðustillingu.

14. UMHVERFISMÁL

Endurvinnna þarf öll efni merkt tákninu . Setjið umbúðirnar í viðeigandi sorpílát til endurvinnslu. Leggið ykkar að mörkum til verndar umhverfinu og heilsu manna og dýra og endurvinnið rusl sem fylgir raftækjum og rafrænum búnaði. Hendið ekki

heimilistækjum sem merkt eru með tákninu  í venjulegt heimilisrusl. Farið með vöruna í næstu endurvinnslustöð eða hafið samband við sveitarfélagið.





